



Nr. 6/2023
2. mars 2023

Halli á viðskiptajöfnuði 20,2 ma.kr. á fjórða fjórðungi 2022 – hrein staða við útlönd jákvæð um 24,2% af VLF

Á fjórða ársfjórðungi 2022 var 20,2 ma.kr. halli á viðskiptajöfnuði við útlönd. Það er 46,6 ma.kr. lakari niðurstaða en ársfjórðunginn á undan en 33,9 ma.kr. betri en á sama fjórðungi árið 2021. Halli á vöruskiptajöfnuði var 85,8 ma.kr. en 24,2 ma.kr. afgangur á þjónustujöfnuði.¹ Frumþáttatekjur skiluðu 49,4 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 7,8 ma.kr. halla (tafla 1).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á fjórða ársfjórðungi 2022 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.²

Tafla 1. Greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2021/4</u>	<u>2022/1</u>	<u>2022/2</u>	<u>2022/3</u>	<u>2022/4</u>
Viðskiptajöfnuður	-54,1	-31,7	-32,6	26,4	-20,2
Vöruskiptajöfnuður	-38,4	-19,2	-39,1	-69,9	-85,8
Þjónustujöfnuður	6,3	5,9	41,5	115,0	24,2
Jöfnuður frumþáttatekna	-11,4	-9,0	-25,2	-8,7	49,4
Rekstrarframlög, nettó	-10,6	-9,4	-9,8	-9,9	-7,8
Jöfnuður fjárframlaga	-0,9	-0,8	-0,6	-0,7	-0,2
Fjármagnsjöfnuður	-55,0	-36,4	-98,5	34,1	13,7
Bein fjárfesting	-46,2	17,7	-58,8	-113,1	44,1
Verðbréf	36,0	-62,2	-26,3	31,4	129,7
Afleiður	4,7	4,5	2,7	2,3	4,0
Önnur fjárfesting	-47,6	-2,0	-26,3	115,6	-83,6
Gjaldeyrisforði	-1,9	5,6	10,1	-2,1	-80,6
Skekkjur og vantalið, nettó	0,0	-3,8	-65,2	8,4	34,0

Betri niðurstaða viðskiptajafnaðar miðað við sama ársfjórðung árið 2021 skýrist af hagstæðari niðurstöðu frumþáttatekna sem nemur 60,7 ma.kr. Að mestu leyti skýrist það af lakari afkomu fyrirtækja í erlendri eigu sem flokkast undir beina fjárfestingu.³ Á móti vegur meiri halli af vöruviðskiptum sem nemur 47,4 ma.kr. Þjónustuviðskipti voru 17,9 ma.kr. hagstæðari og rekstrarframlög 2,7 ma.kr.

¹ Sjá á [vef Hagstofunnar](#).

² Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á vef Seðlabankans, www.sedlabanki.is

³ Neikvæð afkoma innlendra fyrirtækja í erlendri eigu mælist sem tekjur í viðskiptajöfnuði.

Halli á viðskiptajöfnuði fyrir árið 2022 í heild nam 58 ma.kr. samanborið við 78,4 ma.kr. árið á undan. Halli á vöruskiptajöfnuði var 214 ma.kr. en afgangur á þjónustujöfnuði var 186,5 ma.kr. Frumþáttatekjur skiluðu 6,4 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 36,9 ma.kr. halla.

Í lok ársfjórðungsins var hrein staða við útlönd jákvæð um 910 ma.kr. eða 24,2% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði um 91 ma.kr. eða 2,4% af VLF á fjórðungnum. Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 5.021 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 4.111 ma.kr. Á fjórðungnum batnaði staðan um 14 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta en erlendar eignir lækkuðu um 56 ma.kr. og skuldir um 70 ma.kr. Gengis- og verðbreytingar hækkuðu virði eigna á ársfjórðungnum um 219 ma.kr. og skulda um 119 ma.kr. og leiddu því til 100 ma.kr. betri hreinnar erlendrar stöðu. Gengi krónunnar lækkaði um 5,5% miðað við gengisskráningargögn. Verð á erlendum verðbréfamörkuðum hækkaði um 8,9% milli fjórðunga og verð á bréfum á innlendum hlutabréfamarkaði um 1%.

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok 2022/3	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok 2022/4
Erlendar eignir, alls	4.873	-56	219	-15	5.021
Bein fjárfesting	819	22	2	-5	838
Verðbréf	2.453	82	156	-6	2.685
Afleiður*	10	4	2	0	17
Önnur fjárfesting	704	-83	28	-4	645
Gjaldeyrisforði	886	-81	31	0	837
Erlendar skuldir, alls	4.054	-70	119	7	4.111
Bein fjárfesting	1.406	-22	20	8	1.411
Verðbréf	1.544	-48	103	-2	1.597
Afleiður*	50	0	-19	0	31
Önnur fjárfesting	1.054	0	16	2	1.072
Hrein staða þjóðar- búsins	819	14	100	-22	910
% af VLF	21,7%	0,4%	2,7%	-0,6%	24,2%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.